

**LÖG****um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974  
um meðferð opinberra mála.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 32 23. maí 1980, breytist sem hér segir:

- a. Í stað „500 000 krónum“ í 2. tölul. 1. málsg. komi: 20 000 krónum.
- b. Í stað „300 000 króna“ í 2. málsg. komi: 12 000 króna.
- c. Í stað „100 000 krónum“ í 2. málsg. komi: 4 000 krónum.
- d. Í stað „30 000 króna“ í 3. málsg. komi: 1 200 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

Nr. 100.

**LÖG**

31. desember 1982.

**um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980 og lög nr. 84/1980 um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1976—1982“ í 1. málsg. 24. gr. laganna komi: 1976—1984, og í stað „1983“ komi: 1985.

Í stað „1980—1982“ í 2. málsg. 24. gr. komi: 1980—1984.

2. gr.

4. málsg. 27. gr. laganna (ákvæða til bráðabirgða) orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu lífeyrisgreiðslur þær, sem nefndar eru í 3. málsg., hækka með sama hætti og árin 1978—1979. Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar, sem greidd er lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu nefnt fimm ára tímabil borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Ragnar Arnalds.